



<b>Kennari.</b>	Ida Løn <a href="mailto:idalon@fsu.is">idalon@fsu.is</a> Pelle Damby Carøe <a href="mailto:pellecaroe@fsu.is">pellecaroe@fsu.is</a>	<b>Sk.st.</b>	IL PC
-----------------	--	---------------	----------

**Undanfari:** Grunnskólapróf með lágmarkseinkunn B í dönsku eða DANS1DL05

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla færniþætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, svo og sjálfstæði hans og vinnubrögð. Unnið er markvisst að því að auka vitund nemandans um hvernig maður lærir tungumál, hvað þarf að kunna til þess að kunna tungumál og aðferðir til þess að tileinka sér nýjan orðaforða.

**Tal:** Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í réttum framburði tungumálsins, í að tala tvö og tvö saman, í að kynna verkefni sem búið er að vinna með, svara fyrirspurnum og færa rök fyrir máli sínu.

**Hlustun:** Nemendur vinna með ýmiss konar hlustunarverkefni tengd lífstíl t.d. af neti.

**Ritun:** Nemendur vinna með nokkrar textagerðir hvort heldur sem um er að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins og t.d endursagnir, gagnrýni og frásagnir.

**Orðaforði:** Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við þemu sem unnið er með hverju sinni; jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu.

**Lestur:** Nemendur lesa eina skáldsögu, nokkrar smásögur og ýmiss konar rauntexa.

### **Markmið / Þekkingarviðmið:**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu málvenjum í ritaðri dönsku
- dönsku samfélagi og menningarlífi
- völdum bókmenntatextum jafnt sem rauntextum
- orðaforða sem tengist jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu
- tali tveggja Dana um efni sem búið er að vinna með

### **Markmið / Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun í ræðu og riti og láta skoðanir koma fram á skýran hátt þegar er unnið með eigið áhugasvið
- beita á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögnum við frágang ritsmíða
- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- skilja og nota algeng stílbrögð í ritmáli
- nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir
- flytja af nokkru öryggi verkefni fyrir kennara og nemendur í smærri hópum
- lesa sér til gagns og gamans hæfilega þung bókmenntaverk jafnt sem rauntexa og fjalla um inntak þeirra skriflega

### **Markmið / Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- beita skýru og lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu, túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu

### **Námsefni:**

*Silke, Bent Haller* – skáldsaga

*Glimt* – smásögur

*Fjölmiðlar* – DR sjónvarp ([www.dr.dk](http://www.dr.dk))

*Efni frá kennara*

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

<b>Dagsetning</b>	<b>Námsefni - viðfangsefni</b>	<b>Próf og verkefni</b>
19. ágú. - 13. sept.	<p><b>SMÁSÖGUR 1 &amp; 2:</b> <i>Glimt – ny litteratur på dansk</i></p> <p><b>Fjölmiðlar</b></p> <p><b>Sjónvarpsefni</b></p> <p><b>Greinar af netinu</b></p>	<p>Lestur Smásögur: Próf 1, &amp; 2 Ritun Munnlegt Hlustun</p> <p>Kaupa Silke, rafbók (u.þ.b. 1000,- ISK)</p>
14. sept. - 11. okt.	<p><b>SKÁLDSAGA:</b> <i>Silke</i></p> <p><b>Fjölmiðlar</b></p> <p><b>Sjónvarpsefni</b></p> <p><b>Greinar af netinu</b></p>	<p>Lestur Skáldsaga: Próf 1, 2, 3 &amp; 4 Ritun Munnlegt Hlustun</p>
12. okt. - 8. nóv.	<p><b>RITUN:</b></p> <p><b>Fjölmiðlar</b></p> <p><b>Sjónvarpsefni</b></p> <p><b>Greinar af netinu</b></p>	<p>Lestur Ritun: Próf 1 &amp; 2 Munnlegt: Próf 1 Hlustun</p>
9. nóv. - 6. des.	<p><b>HLUSTUN:</b></p> <p><b>Fjölmiðlar</b></p> <p><b>Sjónvarpsefni</b></p> <p><b>Greinar af netinu</b></p>	<p>Lestur Ritun Munnlegt: Próf 2 Hlustun: Próf 1 &amp; 2</p>
7. des. - 11. des.	<b>SKRAP</b>	<b>Lokaskil</b>

**Sérreglur áfangans:**

Nemendur verða að vera virkir **DAGLEGA á Innu** til að fylgjast með tímasetningu prófa og verkefna og einnig til fylgjast með yfirferð námsefnis í tímum.

Áfanginn er símatsáfangi **án lokaprófs**, en nánast öll verkefni og próf eru metin til lokaeinkunnar.

Nemendur eru hvattir til að senda skilaboð á **Innu** ef einhverja spurninga vakna og **þeim verður svarað á vinnutíma á virkum dögum**.

**Námsmat:**

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Skáldsaga: Lestur	4 próf	20%
Smásögur: Lestur	2 próf	10%
Hlustun	2 próf	20%
Tal	2 próf	20%
Ritun	2 próf	20%
Ástundun	Virkni og áhugi	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Yfirferð námsefnis getur verið breytileg á milli hópa.

*Kærlig hilsen,*

*Ida Løn & Pelle Damby Carøe*